

# GJALDSKRÁ

## Norðurorku hf. fyrir hitaveitu.

### 1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

### 2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

#### A. Vatnsgjald. (Akureyri og nágrenni)

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.  
Grunnverð kr. 193,73

Samkvæmt vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattstundagildi (kWst.) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattstunda (kWst.) er bakrásarhiti reiknaður með fast gildi 30°C fyrir mæla í samræmi við reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum nr. 561/2012.

Vatnsverð fyrir hverja kílóvattstund (kWst.) samkvæmt mælingu er kr. 4,51

#### B. Fast verð. (óháð staðsetningu).

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar. Greiða skal fast verð sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast verð fyrir hvern mæli:

Mælir	Grunnverð kr./dag
15 til 20 mm	101
25 til 32 mm	419
40 mm	1.644
50 mm og stærri	3.171

#### C. Heimæðagjald. Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjavæita):

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
20 mm heimæð	622.882
25 mm heimæð	805.265
32 mm heimæð	1.058.269
40 mm heimæð	1.448.617
50 mm heimæð	2.063.409
65 mm heimæð	3.053.916
80 mm heimæð	4.682.565

Fristundahús:

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
15 mm heimæð	622.882
20 mm heimæð	747.458

Lengdargjald:

- Lengdargjald í dreifbýli er 7.593 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 20 metrum.

- Lengdargjald í þéttbýli er 13.500 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

D. *Bráðabirgðaheimæðar: (óháð staðsetningu)*

<i>Dvermál</i>	<i>Grunnverð kr.</i>	<i>Lengdargjald (kr./m)</i>
20 - 32 mm	69.812	11.103

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

**Ólafsfjörður**

Fast verð mæla og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá, sjá hér að framan.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 118,57

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum eða vatnsmælum. Fast verð fyrir hemil er kr. 101 á dag óháð stærð.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 2.676

5. gr.

**Reykjaveita**

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattstundagildi (kWst.) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattstunda (kWst.) er bakrásarhiti reiknaður með fast gildi 30°C fyrir mæla í samræmi við reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum nr. 561/2012.

Vatnsverð fyrir hverja kílóvattstund (kWst.) samkvæmt mælingu er kr. 7,01

Fast verð fer eftir stærð mælis og er greitt skv. gr. 3B í reglugerð þessari.

*Heimæðagjald.*

<i>Dvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	820.078
25 mm heimæð	1.068.035
32 mm heimæð	1.413.004
40 mm heimæð	1.945.246
50 mm heimæð	2.783.227
65 mm heimæð	4.133.639

*Fristundahús:*

*Heimæðagjald, 15mm (22 mm pex) inntak. Allt að 50m frá stofnæð*

*Heimæðagjald, 20mm (28 mm pex) inntak. Allt að 50m frá stofnæð*

<i>Dvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
15 mm heimæð	1.082.740
20 mm heimæð	1.299.289

- Lengdargjald í dreifbýli er 7.593 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádrögnum 50 metrum.
- Lengdargjald í þéttbýli er 13.500 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

6. gr.

**Ýmis ákvæði**

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleying eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt verðskrá í samræmi við fast verð sem

tekur mið af stærð mælis.

Ef heimlagngjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði s.s. í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

Tengigrindargjald er innfalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka mæli gildir verð skv. 7. gr. verðskrár þessarar.

Í sumarhús, frístundahús, verbúðir, hesthús og sambærileg hús skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagngar samkvæmt nánari leiðbeiningum sem koma fram í upplýsingariti heimlagngar hjá Norðurorku sem tekur mið af 8. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta skv. verðskrá í samræmi við fast verð sem tekur mið af stærð mælis.

Aðilar í atvinnustarfsemi sem nýta iðnaðarvatn beint í framleiðsluferla og telja sig uppfylla skilyrði afsláttar skulu sækja um hann hjá Norðurorku. Þessi afsláttur getur numið 5% til 30% af rúmmetra og kílóvattsstundaverði. Afsláttakjör gilda í engum tilfellum fyrir húshitun eða kranavatn. Skilmálinn gildir eingöngu þegar nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Komi til viðbragðsástands fellur afsláttur niður á meðan ástand varir. Mæld notkun á tímabili skerðingar nýtur þannig ekki afsláttar. Vatn til iðnaðarnotkunar ber 24% vsk.

Sundlaugar sem opnar eru almenningi og telja sig uppfylla skilyrði afsláttar skulu sækja um hann hjá Norðurorku. Þessi afsláttur getur numið 5% til 30% af rúmmetra og kílóvattsstundaverði. Skilmálinn gildir eingöngu þegar nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Komi til viðbragðsástands fellur afsláttur niður á meðan ástand varir. Mæld notkun á tímabili skerðingar nýtur þannig ekki afsláttar.

Snjóbræðsla íþróttavalla utanhúss í fullri stærð (löglegir keppnisvellir) og telja sig uppfylla skilyrði afsláttar skulu sækja um hann hjá Norðurorku. Þessi afsláttur getur numið 5% til 30% af rúmmetra og kílóvattsstundaverði til upphitunar valla sem skulu vera á sér mæli. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Komi til viðbragðsástands fellur afsláttur niður á meðan ástand varir. Mæld notkun á tímabili skerðingar nýtur þannig ekki afsláttar. Vatn til notkunar fyrir snjóbræðslu á íþróttavöllum ber 24% vsk.

7. gr.

#### Ýmis önnur gjöld

	kr.
Seðilgjald á pappírskröfur	300
Auka álestur per notkunarstað	6.167
Gjald fyrir breytingu/auka mæli	19.612
Afgreiðslugjald á vatni vegna atvinnurekstrar	6.547
Afgreiðslugjald á vatni v. atvinnur. utan dagvinnutíma	29.463
Lokunargjald/opnunargjald	6.547
Lokunargjald/opnunargjald utan dagvinnutíma	29.463
Lokunargjald ef grafa þarf niður að heimæð	274.530
Innheimtugjald skv. gjaldskrá Motus	

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, sem er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum og lögum nr. 159/2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Norðurorku hf. nr. 101/2024.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. desember 2024.*

F. h. r.

**Magnús Guðmundsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*

